

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2215/98**frá 15. október 1998****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 881/98 um nákvæmar reglur um verndun hefðbundinna heita sem hafa bæst við og eru notuð á tiltekna tegundir gæðavíns sem eru framleiddar í tilgreindum héruðum (gæðavín fth) (*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAG-
ANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 823/87 frá 16. mars 1987 um sérstök ákvæði um gæðavín sem framleidd eru í tilgreindum héruðum (gæðavín fth) ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1426/96 ⁽²⁾, einkum 8. mgr. 15. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 881/98 ⁽³⁾ er mælt fyrir um nákvæmar reglur um verndun hefðbundinna heita sem hafa bæst við og eru notuð á tiltekna tegundir gæðavíns fth.

Gera verður bráðabirgðaráðstafanir vegna vara sem samrýmist ekki gildandi reglum að því er varðar merkingu og kynningu.

Nauðsynlegt er að veita hagsmunaaðilum, sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerðinni, lengri tíma til að bæta við skrána yfir hefðbundin heiti í viðaukanum við þá reglugerð. Af þessum sökum er rétt að fresta framkvæmd reglugerðarinnar um sex mánuði.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. október 1998.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 881/98:

1. eftirfarandi 6. gr. a bætist við:

*„6. gr. a**Heimilt er að geyma, í þeim tilgangi að selja, markaðssetja eða flytja út þar til birgðir þrýtur, vín sem eru merkt og kynnt í samræmi við gildandi reglur þegar þau eru markaðssett þótt merking og kynning þeirra sé ekki lengur í samræmi við þessar reglur eftir að þeim hefur verið breytt.**Heimilt er að nota merkimiða, sem eru prentaðir í samræmi við gildandi reglur þegar þeir eru markaðssettir en samrýmast ekki lengur þessum reglum eftir að þeim hefur verið breytt, í eitt ár frá því að breytingin kemur til framkvæmda“;*

2. í 7. gr. komi „1. apríl 1999“ í stað „1. október 1998“.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtíð. EB L 279, 16.10.1998, bls. 4, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/1999 frá 28. maí 1999 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 84, 27. 3. 1987, bls. 59.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 184, 24. 7. 1996, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 124, 25. 4. 1998, bls. 22.